



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir almenningssalerni

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Merki sem vísar á salerni skal vera til staðar.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemi sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.6 Um notkun og staðsetningu þurrsalerna og færanlegra salerna þarf samþykki og úttekt heilbrigðisnefndar.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Gólfhlötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3m² fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.
- 2.2 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.3 Í húsnæðinu skal vera handlaug með rennandi vatni, fljótandi sápu og einnota handþurrkum eða hitablæstri.
- 2.4 Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa.
- 2.5 Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín a.m.k. daglega. Sjálfhreinsandi salerni skulu háð daglegu eftirliti rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur aðstöðu skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 3.4 Umhverfi skal vera snyrtilegt.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar á almenningssalernum.

4. Umhverfismál

- 4.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 4.2 Losa skal þurrsalerni og færanleg salerni á viðurkenndum móttökustöðum.
- 4.3 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp efir því sem við á.
- 4.4 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa þar sem því verður við komið og forðast óþarfa efnanotkun.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 93.05.01 önnur ótalin persónuleg þjónustustarfsemi.